

AUGLÝSING

um deiliskipulag og deiliskipulagsbreytingu í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir eða breytingar á deiliskipulagsáætlunum:

1. *Lóð nr. 4 í landi Kringlu í Grímsnesi, deiliskipulag.*
Í deiliskipulaginu felst að á 9,5 ha landspildu er gert ráð fyrir tveimur einbýlishúsum og landbúnaðarbyggingu. Hámarksstærð íbúðarhúsa er 250 m² og landbúnaðarbyggingar 300 m². Hámarkshæð íbúðarhúsa er 5 m og landbúnaðarbygginga 6,5 m. Samþykkt í sveitarstjórn 24. ágúst 2005.
2. *Vatnsholt í Grímsnesi, breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar.*
Breytingin gerir ráð fyrir að leiksvæði, um 0,8 ha verði að frístundalóð, Vatnsholtsvegi nr. 6 (1,0 ha). Samþykkt í sveitarstjórn 15. febrúar 2006.
3. *Minni-Bær í Grímsnesi, deiliskipulag frístundabyggðar.*
Í deiliskipulaginu felst að á 22.312 m² svæði er gert ráð fyrir fjórum frístundalóðum. Stærð lóða er 4.220 – 7.000 m². Hámarksstærð húsa er 100 m² og hámarkshæð 6 m. Heimilt er að reisa 25 m² aukahús á lóð. Samþykkt í sveitarstjórn 3. maí 2006.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og deiliskipulagsbreytingar öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 30. júní 2006.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 17. júlí 2006